

Fylgiskjal 5.

Eftirfarandi er tekið úr drögum að skýrslu stjórnar með ársreikningi Virkjunar fyrir rekstrarárið 2016:

Stjórnarhættir

Stjórn Virkjunar hf. leitast við að viðhalda góðum stjórnarháttum og hefur til hliðsjónar leiðbeiningar um stjórnarhætti fyrirtækja sem gefnar eru út af Viðskiptaráði Íslands í samstarfi við Samtök atvinnulífsins og Nasdaq OMX Ísland. Stjórnin hefur sett sér ítarlegar starfsreglur þar sem valdsvið hennar er skilgreint og verksvið gagnvart forstjóra. Stjórn hefur skipað endurskoðunarnefnd. Á árinu 2016 voru haldnir 12 stjórnarfundir og 6 fundir í endurskoðunarnefnd. Meirihluti stjórnar og meirihluti endurskoðunarnefndar hafa mætt á alla fundi.

Frekari upplýsingar um stjórnarhætti fyrirtækisins og áhættustýringu er að finna á heimasíðu Virkjunar hf.

Samfélagsleg ábyrgð

Samkvæmt breytingum sem gerðar voru á lögum um ársreikninga í júní 2016 skulu einingar tengdar almannahagsmunum eins og Virkjun hf. veita upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að leggja mat á þróun, umfang, stöðu og áhrif í tengslum við umhverfis-, félags- og starfsmannamál, stefnu í mannréttindamálum, hvernig er spornað við spillingar- og mútumálum auk stuttrar lýsingar á viðskiptalíkani fyrirtækisins og fleira.

Virkjun hf. vinnur eftir stefnu um samfélagslega ábyrgð sem miðar að því að fyrirtækið hafi jákvæð áhrif á samfélagið. Stefnan var innleidd árið 2016 og er unnið að ýmsum spennandi verkefnum. Árlega skilar fyrirtækið samfélagsskýrslu sem sem unnin er eftir viðmiðum alþjóðasamtaka um slíka skýrslu. Þar er farið yfir stefnu og framvindu verkefna sem snúa að samfélagslegri ábyrgð. Þar er meðal annars fjallað um málefni tengd umhverfi, starfsmönnum og mannréttindamálum. Á árinu 2016 var "Hjálpum þeim" eitt af lykilverkefnum fyrirtækisins og komu fulltrúar fyrirtækisins fram í sjónvarpsþætti á RÚV til að leggja hjálparstarfinu lið í söfnunarátaki.